

Ár 2013, laugardaginn 29. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.**

#### **I.**

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 87/2009, skal kjararáð ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Af þessu leiðir að ákvörðun um laun framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. heyrir undir kjararáð.

#### **II.**

Með bréfi dagsettu 12. júlí 2012 var framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. tilkynnt að kjararáð hefði ákveðið að taka fjölda mánaðarlegra eininga hans til skoðunar. Í bréfinu kom fram að meginmarkmið hennar væri að draga enn frekar úr innbyrðis ósamræmi í launum þeirra sem heyra undir kjararáð. Einnig yrði einingaverð hækkað og yrði hið sama og hjá öðrum þeim sem undir ráðið heyra. Mánaðarlegum einingum yrði fækkað á móti. Með bréfinu var framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið í tilefni af fyrirhugaðri launaákvörðun, sbr. 13. gr. stjórnáslaganna nr. 37/1993.

Með bréfum dagsettum sama dag var fjármálaráðuneytinu og stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. gefinn kostur á að koma sjónarmiðum á framfæri við ráðið, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í svari fjármálaráðuneytisins dagsettu 13. ágúst 2012 segir að með ákvörðun kjararáðs frá 21. desember 2011 hafi launum þeirra sem undir ákvörðunarvald kjararáðs heyra, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009, verið breytt þannig að þau færu sem næst því sem þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Einnig hefði viðmiðunarverð á einingum vegna sama hóps breyst. Einingaverð þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald ráðsins með lögum nr. 87/2009 hafi hins vegar verið óbreytt. Telur fjármálaráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við athugun á því hvort endurskoða skuli launakjör framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.

Í svari stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. dagsettu 3. september 2012 er vísað til fyrri bréfaskipta við kjararáð um verksvið og störf framkvæmdastjórans. Sérstök athygli er vakin á því að með ákvörðun ríkisstjórnarinnar frá 9. nóvember 2010 hafi Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. verið falin fjölmörg ný og umfangsmikil verkefni á Suðurnesjum. Frá þeim tíma hafi verkefnum enn fjölgað sem auki mjög á annir og ábyrgð framkvæmdastjórans. Fyrirhuguð breyting á launum hljóti því að leiða til hækkunar á launakjörum framkvæmdastjóra félagsins.

Með bréfi dagsettu 25. september 2012 fékk framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. send svör fjármálaráðuneytisins og stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Í bréfi framkvæmdastjórans dagsettu 9. október 2012 er tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í bréfi ráðuneytisins og stjórnarinnar.

#### **III.**

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. var stofnað 24. október 2006 í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um framtíð svæðisins á Miðnesheiði þar sem varnarlið Bandaríkjahers hafði aðsetur. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september 2006 var mörkuð stefna um hvernig staðið yrði að umbreytingu varnarsvæðisins á Keflavíkurflugvelli. Stofnað yrði hlutafélag í eigu ríkisins um framtíðarþróun og umbreytingu svæðisins. Verkefni félagsins yrði að koma svæðinu og mannvirkjum á því í arðbær borgaraleg not. Sveitarfélögum á Suðurnesjum yrði boðin aðild að stjórn félagsins.

Sett voru lög nr. 176/2006 um ráðstafanir í kjölfar samnings við Bandaríkin um skil á varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Í 4. gr. laganna segir að heimilt sé að fela Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. að annast í umboði ríkisins umsýslu fasteigna á svæði sem koma á hið fyrsta í arðbær borgaraleg not. Enn fremur væri heimilt að fela félaginu umsýslu tiltekinna fasteigna á flugvallarsvæði og önnur verkefni sem tengdust framtíðarþróun og umbreytingu svæðisins.

Í samþykktum félagsins segir að félagið muni á grundvelli þjónustusamnings við ríkið annast rekstur, umsjón og umsýslu tiltekinna eigna ríkisins á svæðinu, þ.m.t. umsjón með sölu og útleigu eigna, hreinsun svæða, niðurrif mannvirkja og aðra skylda starfsemi. Stjórn félagsins ráði framkvæmdastjóra sem hafi með höndum stjórn á daglegum rekstri og komi fram fyrir hönd félagsins í öllum málum sem varði daglegan rekstur.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þygi þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar.

Með lögum nr. 87/2009 var kjararáði falið að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra hlutafélaga og annars konar félaga, einkaréttareðlis, sem eru að meiri hluta í eigu ríkisins og félaga sem eru að meiri hluta í eigu þeirra. Að auki var einstökum lögum sem varða allmargar stofnanir og opinber hlutafélög breytt til þess að fela kjararáði að ákveða laun og önnur starfskjör framkvæmdastjóra þeirra, þar á meðal framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. Jafnframt var svo kveðið á í lögnum, að kjararáð skyldi við ákvörðun sína gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra, eins og kjararáð hefði ákveðið þau.

Hinn 23. febrúar 2010 úrskurðaði kjararáð um almennar forsendur ákvarðana um laun og önnur starfskjör þeirra sem með ofangreindum hætti bættust í þann hóp sem undir kjararáð heyrir. Þar sagði meðal annars að til þess að ná markmiði laga nr. 87/2009 um að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, yrðu ekki hærri en laun forsætisráðherra og til þess að komast hjá því að laun lækkuðu óhóflega, væri óhjákvæmilegt við ákvörðun launa þeirra sem úrskurðurinn næði til að víkja frá því markmiði kjararáðs að draga úr vægi eininga eins og áður hefði verið stefnt að. Tímabundið ósamræmi myndi því hljótast á milli sumra þeirra sem hefðu heyrt undir kjararáð og þeirra sem við bættust.

Kjararáð ákvað framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. laun þann 26. apríl 2010. Við ákvörðun mánaðarlegra eininga var gætt meðalhófssjónarmiða til þess að komast hjá því að laun hans lækkuðu óhóflega. Í ákvörðuninni kom einnig fram að hún gildi fyrir þann sem þá gegndi starfinu. Jafnframt sagði að búast mætti við endurskoðun einingafjölda allra þeirra sem undir kjararáð heyrta eftir 1. desember 2010.

Með ákvörðun sinni frá 21. desember 2011 breytti kjararáð launum þeirra sem undir ráðið heyrta, annarra en þeirra sem færðust undir ákvörðunarvald þess með áður nefndum lögum nr. 87/2009. Með ákvörðuninni var launum breytt þannig að þau færu sem næst því að verða eins og þau voru fyrir launalækkun þá sem grundvallaðist á lögum nr. 148/2008. Þetta var gert þannig að í flestum tilvikum fjölgaði mánaðarlegum einingum og einingaverð hækkaði. Eining er nú 1% af launaflokki 502-132 í stað 502-126 áður hjá þessum hópi. Þannig dró úr því innbyrðis ósamræmi sem hlaust milli þeirra sem heyrðu undir kjararáð fyrir gildistöku laga nr. 87/2009 og þeirra sem við bættust samkvæmt lögnum.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að einingaverð hjá framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. hækki og verði hið sama og hjá öðrum sem undir kjararáð

heyra. Í ljósi breytinga sem orðið hafa á starfsemi Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. og aukinna verkefna fyrirtækisins verður einingafjöldi óbreyttur.

Fyrri ákvarðarnir kjararáðs um aukastörf framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. standa óbreyttar.

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.

Laun og starfskjör framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. skulu vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. vera samkvæmt launaflokki 502-135, nú 764.558 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu og álag er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Hafi framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. haldið bifreiðahlunninum sínum og kjósi að gera það áfram skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili framkvæmdastjóra greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjóra Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. gilda reglur kjararáðs frá 9. júní 2010.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson